

Öll vötn til Dýrafjarðar

Framtíðarsýn og markmið
Desember 2018



(Mynd HS)



Vestfjarðastofa



ÍSAFJARÐARBÆR



BYGGÐASTOFNUN

Brothættar byggðir

Þingeyri

SVÓT

Styrkleikar

- Miðsvæðis á Vestfjörðum
- Náttúran mikið aðdráttarafl
- Fjölbreytt grunnþjónusta
- Gott umhverfi fyrir leikskóla og skóla
- Góð hafnaraðstaða
- Fjölbreytt flóra frumkvöðla og einyrkja
- Virkt félags- og menningarlíf
- Einstakt mannlíf og rólegur taktur í samfélaginu

Veikleikar

- Aldursamsetning íbúanna
- Samgöngur innan og utan fjórðungs
- Almenningsamgöngur
- Flugsamgöngur
- Félagslíf fyrir ungt fólk
- Einhæft atvinnulíf
- Samgöngur – vestráþjónusta
- Skortur á staðbundnu atvinnulífi

Ógnanir

- Ný Dýrafjarðargöng
- Samgöngur
- Hversu atvinnulífið er háð utanaðmökandi ákvörðunum fyrirtækja og yfirvalda
- Skortur á samfélagsábyrgð í tengslum við nýtingu byggðakvóta
- Skortur á sveigjanleika regluverks fyrir smærri byggðalög

Tækifæri

- Virkja íbúana til að nýta sér íbúasamtökin betur
- Tenging við alþjóðlegt umhverfi
- Blábankinn
- Auðugt láglendissvæði
- Dýrafjörður er hentugt landbúnaðarsvæði
- Ný Dýrafjarðargöng

Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn verkefnisins *Öll vötn til Dýraffjarðar* sem tilheyrir röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í upphafi verkefnis var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafarfyritækinu Ildi. Í framhaldi vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og -þróunar, auk sérstöðu landshlutans. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið, sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á íbúafundi 4. desember 2018.

Hugtakanotkun og orðskýringar:

- Brothættar byggðir:** Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
- „Brothætt byggð“:** Verkefni Brothættra byggða í einstökum þátttökubbyggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.
- Byggðarlag/byggð:** Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
- Framtíðarsýn:** Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
- Meginmarkmið:** Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áhersluþáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
- Starfsmarkmið:** Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
- Stefnumótun:** Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
- Stöðugreining:** Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis *Brothættra byggða* sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu *Öll vötn til Dýrafjarðar* er staðan vistuð hjá Vestfjarðarstofu. Verkefnisstjóri er Agnes Arnardóttir.

Í verkefnisstjórn verkefnisins *Öll vötn til Dýrafjarðar* sitja eftirfarandi aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.
- Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðarstofu.
- Wouter Van Hoeymissen, fulltrúi íbúa.
- Arnar Sigurðsson, fulltrúi íbúa.

Framtíðarsýn 2028

Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á með fjölbreytt tækifæri til atvinnu og menningarlífs. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Þingeyri er áberandi snyrtilegt þorp í fallegu og tiltölulega víðlendu byggðarlagi í hjarta Vestfjarða. Umhverfisvitund og samkennd auðkennir samfélagið við Dýrafjörð, en einnig mikill sköpunarkraftur og fjölbreytt tækifæri til áhugamála. Íbúum hefur tekist að nýta sér nýjustu tækni til framfara og sóknar sem byggja á fjölbreytni. Þingeyri er fyrirmyndar útvörður í fjölkjarna sveitarfélagi þar sem sátt ríkir um þjónustu, svo og þátttöku og framlag íbúa til málefna sveitarfélagsins. Í Dýrafirði býr fólk sem kann að nýta orku fjallanna, er þakklátt og gerir sér grein fyrir eigin hamingju. Fólkið er duglegt og er skynsamt hvað varðar jafnvægi milli vinnu og einkalífs.



Mynd 1 Markmið og framtíðarsýn er að mestu byggt á niðurstöðum íbúaþings (Mynd: SKH)

Meginmarkmið

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar



(Mynd: HS)

Meginmarkmið 1: Fjölskylduvænt samfélag

Starfsmarkmið 1.1 **Kynningaherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar.**

Skýringar: Á íbúabingi kom fram spennandi hugmynd um að fjárfesta í fólki og fá fleiri fjölskyldur á Þingeyri. Um er að ræða kynningaherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar s.s. gera samning um að merkja bíl sem sækir búslóðir fólks, kanna stöðu stjórnvalda varðandi skattaívilnun fyrir þá sem búa á svæðum með viðvarandi fólksfækkun. Halda fund með húsnæðiseigendum varðandi skammtímaútleigu fyrir þá sem vilja koma og búa á Þingeyri til skemmri tíma. Kanna möguleika á að breyta reglum varðandi leikskóladvöl/grunnskóla barna sem eru skráð með lögheimili í öðrum sveitarfélögum eða löndum.

Ábyrgð: Íbúaráð, Blábankinn, verkefnisstjóri og Ísafjarðarbær.

Tímabil: Fyrir lok árs 2019.

Starfsmarkmið 1.2 **Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar.**

Skýringar: Nýir íbúar fái upplýsingabæklinga (rafrænt eða á vefsvæði) við komuna þar sem finna má allar praktískar upplýsingar um sveitarfélagið og þá þjónustu sem það veitir, ásamt öðrum tilfallandi upplýsingum um staðhætti og útvistarmöguleika.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 1.3 **Sníða þjónustu almenningsgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita.** Skýringar: Til að auka fjölbreytni og möguleika fyrir ungt fólk og börn mætti m.a. þróa gagnvirkt og sveigjanlegt kerfi sem hægt væri að nota til að panta allskonar þjónustu. Tómstundarúta sem fer á milli bæjarkjarna Ísafjarðarbæjar til að auðvelda ungu fólki að taka þátt í tómstundum. Kanna möguleika á örari ferðum á milli og síðasta ferð seinna að kvöldi en nú er. Að það komi íþróttapjálfa 1-2x í mánuði og að æfingar verði allavega 1x í mánuði á Þingeyri.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og íþróttafélög

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 1.4 **Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa.** Unnið verði að því að viðhalda og efla félagslíf á Þingeyri og eftir fremsta megni reynt að tengja saman afþreyingu fyrir mismunandi aldurshópa.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Lok árs 2019

Starfsmarkmið 1.5 **Forgangsraða verkefnum sveitarfélagsins.** Unnið verði að forgangsriðun verkefna sveitarfélagsins sem snúa að Þingeyri og nágrenni eftir getu og fjármagni.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær og verkefnisstjórn.

Tímabil: Lok árs 2019

Starfsmarkmið 1.6 **Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vörum og þjónustu.** Kanna möguleika á samstarfi við einyrkja eða tæknifyrirtæki á svæðinu. Athuga hvort verslunarkeðjan Nettó sé tilbúin til að bjóða uppá heimsendingar á vörum verslunarinnar eins og gert er á höfuðborgarsvæðinu t.d. tvisvar í viku.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 1.7 **Hugað að framtíð flugvallarins á Þingeyri.** Afla upplýsinga frá stjórnvöldum um framtíð flugvallarins á Þingeyri. Skýringar: Á íbúafundinum kom skýrt fram hjá íbúum hversu mikilvægt öryggisatriði það er að hafa annan flugvöll en þann sem er á Ísafirði. Öruggar samgöngur eru mikilvægur þáttur fyrir búsetu, sérstaklega yfir vetrartímann.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 1.8 **Úttekt á fjarskipta- og vegamálum.** Afla upplýsinga frá stjórnvöldum um fyrirhugaða uppbyggingu vega og gæði fjarskipta á Þingeyri. Skýringar: Þetta eru mikilvægir þættir fyrir búsetu að mati íbúana, sérstaklega yfir vetrartímann þar sem færð er oft erfið vegna veðurs og fjarskiptasamband á fjallvegum ekki gott.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri.

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 1.9 **Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokanir á heiðum.** Kanna möguleika á að koma upp betri upplýsingaskiltum vegna ástands og lokana á Gemlufalls-, Hrafseyrar- og Dynjandisheiði yfir vetrartímann. Athuga möguleika á gerð samnings við Vegagerðina.

Ábyrgð: Ísafjarðarbær, íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 1.10 **Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana.** Kanna möguleika á að auka tíðni ferða og hafa síðustu ferð seinna um kvöldið en er í dag. Góðar samgöngur eru lykilatriði er kemur að búsetuvali.

Ábyrgð: Íbúaráð, verkefnisstjóri

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 1.11 **Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyrar við opnun Dýrafjarðargangna.** Vinna að undirbúningi hvernig laða eigi ferðamenn inn til Þingeyrar eftir opnun Dýrafjarðargangna. Möguleiki að gera kennileitum Þingeyrar hærra undir höfði.

Skýringar: Á íbúafundinum kom fram skýr vilji íbúana að vinna áfram með hugmyndina að „Tankinum“ sem kennileiti fyrir þingeyri og setja upp útipott hjá sundlauginni.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Upphaf árs 2020



(Mynd: HS)

Meginmarkmið 2: Skapandi samfélag

Starfsmarkmið 2.1 **Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins.** Kanna vilja heimamanna til að stofna samstarfshóp listamanna og áhugahópa sem vinna að listsköpun sinni á Þingeyri. Með það að markmiði að fjölga störfum tengdum skapandi greinum og veita fólki m.a aðstoð við að sækja um menningarstyrki, skipuleggja hreinsun umhverfis, viðhald eigna og aðstöðu, laga og mála. Skýringar: Á íbúafundinum kom fram að leiðin að þessu markmiði væri m.a. að finna áhugasama heimamenn og/eða skipa stjórn þar sem mismunandi hópar eða fólk gætu skipst á að sitja í stjórn. Mikilvægt að hafa samráð við þá hópa sem þegar eru til staðar og efla samstarf við Blábankann og Simbahöllina. Virkja samfélagsmiðla þessu tengt.

Ábyrgð: Simbahöllin, íbúaráð og verkefnisstjóri.

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 2.2 **Skattaívilnanir fyrir ný fyrirtæki.** Leita leiða til samstarfs við opinber yfirvöld að norrænni fyrirmynd þar sem brothættar byggðir eru m.a. efldar með þessum hætti.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn og verkefnisstóri

Tímabil: Lok árs 2019

Starfsmarkmið 2.3 **Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. bókhaldskostnaður.** Kanna vilja starfandi bókhaldsþjónustu á svæðinu um að veita

stuðning, kennslu og þjálfun fyrir minni fyrirtæki og einyrkja til að sýna fram á að svæðið taki vel á móti frumkvöðlum. Koma á samstarfi við bókhaldsfyrirtæki.

Ábyrg: Íbúaráð, Blábankinn og verkefnisstjóri

Tími: Vor 2019

Starfsmarkmið 2.4 **Greina núverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu.** Með auknum og betri samgöngum skapast möguleiki á að efla matvælaframleiðslu með fororðinu matur úr héraði. Nýta staðsetningu Þingeyrar sem miðsvæði Vestfjarða í því sambandi. Kanna áhuga heimamanna á því að halda námskeið í smáframleiðslu matvæla úr héraði með það að markmiði að styðja við og auka matvælaframleiðslu á svæðinu t.d. með því að setja upp vottað tilraunaeldhús í samstarfi við MATÍS á svæðinu.

Ábyrgð: Samtök matvælaframleiðenda og verkefnisstjóri

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 2.6 **Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu – viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun.** Kanna vilja bænda í að koma á fót sláturhúsvinnslu og aðstoða við upplýsingaöflun varðandi leyfismál, gerð viðskiptaáætlana og mögulega fjármögnun. Kanna möguleika þess að setja á fót handverkssláturhús á Þingeyri.

Ábyrgð: Samtök bænda á svæðinu og verkefnisstjóri

Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 2.7 **Kortleggja möguleika til uppbyggingu ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðis fyrir Svalvogaveg** (fyrir nes) og vilja heimamanna og áhugafólks til að koma að þess konar starfsemi og uppbyggingu.

Ábyrgð: Markaðsstofa, íbúaráð.

Tími: Sumar 2019

Starfsmarkmið 2.8 **Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu.** Sérstaklega skal horft til fjölskyldufólks sem hefði mögulegan áhuga á að flytja til Þingeyrar, frá öðrum sveitarfélögum eða löndum, í skemmri eða lengri tíma.

Ábyrgð: Ísafjarðarbær, íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 2.9 **Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuaðstöðu.** Kanna vilja um samstarf við Blábankann. Aðstoða fólk sem hefur hugmyndir til atvinnusköpunar við að sækja um styrki og auglýsa mögulega starfstöð með reglubundnum hætti. Vinna einnig markvist að því að tryggja starfsemi Blábankans.

Ábyrgð: Blábankinn, íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Lok árs 2019

Starfsmarkmið 2.10 **Stofna og virkja fjarbúafélag.** Tilgangur félagsins er að styrkja tengsl á milli einstaklinga sem eiga húsnæði á Þingeyri en hafa ekki fasta búsetu þar. Þannig getur einnig skapast leið fyrir enn betri samskipti staðarbúa og fjarbúa.

Ábyrgð: Vor 2019

Tímabil: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Starfsmarkmið 2.11 **Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun** með það að markmiði að auka framboð húsnæðis á Þingeyri. Horft verði sérstaklega til skammtímaleigu.

Ábyrgð: Fjarbúafélag og verkefnisstjórn.

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 2.12 **Hvetja íbúana og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins.** Nýta samfélagsmiðla vel við samskipti við íbúa svæðisins og fyrirtækin með það markmið að hvetja þá til aukinnar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins, styðja við einyrkja og frumkvöðla með aðstoð við gerð viðskipaáætlana og styrkumsókna. Bæði hvað varðar nýsköpun atvinnutækifæra og/eða viðburða eða hátíða.

Ábyrgð: Blábankinn, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.

Tímabil: Allt tímabilið

Starfsmarkmið 2.13 **Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri.** Gera kröfur til þeirra fyrirtækja sem fá að nýta

kvótann að þau séu samfélagslega ábyrg með því m.a. að ráða til sín fjölskyldufólk eða fólk sem vill hafa fasta búsetu á svæðinu. Að þeir sýni það í verki með því að auglýsa eftir starfsfólki í íslenskum miðlum og hvetji sitt tilvonandi starfsfólk til að flytja á svæðið. Að fyrirtækjunum sé stjórnað af svæðinu og helst hafi sína höfuðstarfsemi svæðisbundið. Afla verði landað á Þingeyri.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær og verkefnisstjóri

Tímabil: Lok árs 2019



(Mynd: HS)

Meginmarkmið 3: Umhverfisvæn útivistarparadís

Starfsmarkmið 3.1 **Greina möguleika fyrir víkingaferðaþjónustu.** Eiga samtalið við Víkingafélagið og íbúa, hvornig má vinna áfram með tengsl svæðisins við víkingatímann og sögu svæðisins? Kannaðir möguleikar á uppsetningu þrautabrautar sem nýtist bæði til útivistar fyrir heimamenn og einnig sem afþreying fyrir ferðamenn. Skýringar: Á íbúafundinum var unnið með þá hugmynd að kynna Þingeyri og nágrenni sem víkingasvæði með aukna ferðaþjónustu í huga þar sem svæðið er það eina á Vestfjörðum sem er að vinna markvisst með víkingana og víkingatímabilið.

Ábyrgð: Forsvarsaðilar Víkingasvæðisins, íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Fyrir sumarið 2019

Starfsmarkmið 3.2 **Styrkja golffélagið.** Vinna að nauðsynlegri uppbyggingu á svæðinu t.d. að setja upp salernisaðstöðu og aðstöðu fyrir félagsmenn.

Ábyrgð: Golffélagið og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 3.3 **Finna leiðir til öflunar fjármagns, gagnert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir.** Vinna þarf verkefnið með góðu samstarfi á milli íbúana og Ísafjarðarbæjar þar sem tillögur að forgangsröðun

komi frá íbúunum sjálfum. Skýringar: Á íbúafundinum kom fram að íbúum er umhugað um að það þurfi að gera fleiri göngustíga til og frá Þingeyri sem væru vel merktir og aðgengilegir.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 3.4 **Kanna vilja ferðapjónustuaðila og heimafólks um aðgangstýringu**

að náttúruperlum. Skýringar: Í áfangastaðaáætlun er fjallað um mikilvægi þess að standa þurfi vörð um viðkvæm náttúrusvæði og stýra aðgengi að þeim. Aðgangstýring getur bætt upplifun þeirra sem vilja njóta náttúrunnar, hvort heldur sem er ferðamenn eða heimafólk.

Ábyrgð: Ferðapjónustuaðilar, Ísafjarðarbær og verkefnisstjóri

Tímabil: Lok árs 2019

Starfsmarkmið 3.5 **Halda ágengum plöntum í skefjum og gæta að heilbrigði**

strandsjávar. Vinna þarf að því að koma á skipulögðu verkferli til að halda ágengum plöntum í skefjum í samvinnu við Ísafjarðarbæ. Einnig þarf að koma á skipulögðu ferli við að hreina fjörur á svæðinu. Kanna möguleika á að koma á árvissum viðburði þar sem fjörur eru hreinsaðar og gróður við og á göngustígum sé snyrt. Skýringar: Viðhald göngustíga í nágrenni Þingeyrar er mikilvægt bæði fyrir heimafólk og ferðamenn.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 3.6 **Móta skýra langtímastefnu í umhverfismálum með sjálfbærni**

að leiðarljósi. Þau sjónarmið sem höfð verða að leiðarljósi eru nýting auðlinda fyrir framtíðar íbúa, ferðamenn og ferðapjónustuaðila. Vinna að þessu í samráði við Ísafjarðarbæ. Skýringar: Þetta eru skýr skilaboð frá íbúapönginu. Langtímastefna er lykilatriði þegar kemur að nýtingu auðlinda, bæði fyrir íbúa, ferðamenn og ferðapjónustuaðila.

Ábyrgð: Íbúaráð, Ísafjarðarbær og verkefnisstjóri

Tímabil: Lok árs 2019

- Starfsmarkmið 3.7 **Setja af stað átaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegan.** Íbúar, húseigendur og forsvarsmenn fyrirtækja hvattir til að halda við húsum sínum, görðum og athafnasvæði eftir fremsta megni.
Ábyrgð: Íbúaráð, fjarbúafélag og Ísafjarðarbær.
Tímabil: Vor 2019
- Starfsmarkmið 3.8 **Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi.** Skýringar: Á íbúabínginu kom fram að fráveitumál á Þingeyri væru ekki í ásættanlegu lagi og var það eindreigin ósk íbúana að Ísafjarðarbær bætti þar um. Þessi málaflokkur er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019
- Starfsmarkmið 3.9 **Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði** í samráði við Ísafjarðarbæ.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019
- Starfsmarkmið 3.10 **Ganga frá Námunni í Sneiðingum** í samráði við Ísafjarðarbæ.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019
- Starfsmarkmið 3.11 **Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn.** Mögulega með útgáfu upplýsingarits (rafrænt og/eða á vefsvæði) á ensku og íslensku.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær, verkefnisstjórn og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019
- Starfsmarkmið 3.12 **Stuðla að frekara viðhald gangstétta og gatna.** Eiga samtali við Ísafjarðarbæ um mikilvægi þess fyrir Þingeyri. Skýringar: Á íbúabínginu kom fram að þetta er afgerandi þáttur fyrir heildarsýn og útlit bæjarins. Þessi liður er alfarið á ábyrgð Ísafjarðarbæjar hvað skipulag og framkvæmdir varðar.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær, verkefnisstjórn og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019.

- Starfsmarkmið 3.13 **Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins.** Skýringar: Það sama á við hér og í lið 4.6. og er íbúunum mjög mikilvægt.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær, verkefnisstjórn og íbúaráð.
Tímabil: Lok árs 2019.
- Starfsmarkmið 3.14 **Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði.** Unnið í samstarfi við Ísafjarðarbæ.
Reglubundið átak til hreinsunar með hvatningu og aðstoð við að fjarlægja ruslið þegar búið er að safna því saman.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær og fulltrúar atvinnurekenda
Tímabil: Lok árs 2020
- Starfsmarkmið 3.15 **Upplýsa íbúa um fyrirætlanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar.** Vinna í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki.
Skýringar: Á íbúafundinum kom skýrt fram að íbúarnir gera kröfur til fyrirtækjanna að afurðirnar verði unnar á Þingeyri sem gæti stuðlað að meiri starfsemi á svæðinu.
Ábyrgð: Ísafjarðarbær, íbúaráð, verkefnisstjórn og fulltrúar fiskeldisfyrirtækjanna.
Tímabil: Lok árs 2019



(Mynd: HS)

Meginmarkmið 4: Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

Starfsmarkmið 4.1 **Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins.** Setja upp fasta tíma í samráði við embættismenn/starfsfólk bæjarins. Örkannanir og rafræn þátttaka. Ábyrgð: Ísafjarðarbær, íbúaráð, Blábankinn og verkefnisstjóri. Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 4.2 **Meta framboð og eftirspurn lóða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri.** Vinna að því að deiliskipulag fyrir Þingeyri verði unnið í samráði við aðila sem þekkja vel til staðhátta á Þingeyri. Skýringar: Á íbúafundinum kom fram að nýta ætti betur staðsetningu Þingeyrar sem miðsvæði Vestfjarða og þau tækifæri sem í því eru fólgin. Ábyrgð: Verkefnisstjóri. Tímabil: Haust 2019

Starfsmarkmið 4.3 **Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera „Þing-staður“.** Skýringar: Á íbúafundinum kom fram að nýta ætti betur staðsetningu Þingeyrar sem miðsvæðis Vestfjarða. Kanna ætti hvort hægt væri að skapa grundvöll fyrir fundaraðstöðu sem nýta mætti fyrir Suður- og norðursvæðið. Þetta fyrirkomulag gæti mögulega styrkt ferðaþjónustu á ársgrundvelli.

Ábyrgð: Ísafjarðarbær, Blábankinn, verkefnisstjóri og Vestfjarðarstofa.

Tímabil: Hausti 2019

Starfsmarkmið 4.4 **Kanna vilja og möguleika tæknifyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri.** Skýringar: Á íbúafundinum kom fram ósk um að kanna hvort gagnahýsing væri möguleg á Þingeyri sem einn af ónýttum uppbyggingamöguleikum svæðisins sem miðsvæðis á Vestfjörðum.

Ábyrgð: Íbúaráð og verkefnisstjóri

Tímabil: Vor 2019

Starfsmarkmið 4.5 **Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur.** Skýringar: Á íbúafundinum kom fram hversu mikilvægt sé að hlúa að staðbundnum fyrirtækjum með það að markmiði að efla þau og styrkja. Sá stuðningur gæti falist í leiðsögn og hvatningu. Einnig væri mikilvægt hvetja þau jafnframt til að hugsa, framkvæma og fjárfesta staðbundið.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri og verkefnastjórn.

Tímabil: Allt tímabilið.

Starfsmarkmið 4.6 **Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur.** Skýringar: Á íbúafundinum og á íbúáþinginu kom skýrt fram að flugvöllurinn skiptir mjög miklu máli, bæði fyrir íbúana og atvinnuvegin. Hvetja beri Ísafjarðarbæ til að þrýsta á stjórnvöld um opnun og viðhalds flugvallarins á Þingeyri.

Ábyrgð: Íbúaráð, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri.

Tímabil: Lok árs 2019